

að því leyti sem málið hefir verið rekið með gjafvörn,
að meðferð þess í héraði hefir verið lögmæt þar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málsfærslukaup fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Sveinbjörn Kristjánsson hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn hinn 7. septembermánaðar.

Nr. 24/1908.

Guðbrandur Magnússon

gegn

Árna Thorlacius.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Árni Thorlacius búfræðingur í Reykjavík, gegn áfrýjandanum, Guðbrandi Magnússyni, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til skaðabóta út af kúrkaupum, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 2. apríl þ. á., á þá leið, að Guðbrandur Magnússon var dæmdur til að greiða Árna Thorlacius 140 kr., en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Guðbrandur Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri

1. júní þ. á., og hefir hann gert þær réttarkröfur, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu stefnda, Árna Thorlacius, er hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 18. júní þ. á., hefir þess aftur á móti verið krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 210 kr. í skaðabætur, svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati yfirréttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í fardögum 1907 keypti stefndi, Árni Thorlacius, af áfrýjanda, Guðbrandi Magnússyni, sem þá bjó í Bakkárholti í Ölfusi, en nú er búsettur í Reykjavík, 4 kýr, og borgaði 110 kr. fyrir eina þeirra, en 135 kr. fyrir hverja hinna, eða samtals 515 kr. fyrir þær allar. Skýrði seljandi svo frá, er kaupin gjörðust, að kúm þessum hefði verið haldið undir naut einni 2. febr. 1907, en hinum 18. maí, 3. og 5. júní s. á., og hefir þessi skýrsla ekki verið véfengd. Sú kýrin, er naut hafði fengið 2. febr., bar á reglulegum tíma. en hinar 3 reyndust kálflausar, og slátraði kaupandi þeim síðastliðið haust. Þóttist hann þá eiga tilkall til skaðabóta hjá seljanda og krafðist 70 kr. bóta fyrir hverja kú eða samtals 210 kr. Þessi skaðabótakrafa var færð í undirrétti í 50 kr. fyrir tvær kýrnar, en 40 kr. fyrir hina þriðju, eða niður í 140 kr.

Seljandi hefir skýrt svo frá, að kaupandi hafi ekki sett neitt skilyrði um að kýrnar væru með kálfi, og hafi hann ekkert ábyrgst um það, hann hafi að eins skýrt kaupanda frá hvenær kýrnar hefðu fengið naut og hafi kaupandi látið sér það nægja; hafi sér (seljanda)

verið jafnókunnugt um það og kaupanda, hvort kýr þessar hafi verið kelfdar eða ekki, er kaupin fóru fram, og þareð það sé alvanalegt, þótt um gallalausar kýr sé að ræða, að það komi fyrir að þær beiði upp, mundi hann ekki hafa samþykkt að taka á sig neina ábyrgð á því, að þær hefðu fengið kálf, þótt kaupandi hefði farið fram á það. Stefndi hefir viðurkent, að hann hafi ekki beinlínis sett neitt skilyrði um að kýr þessar væru með kálfi, en að þær voru seldar fyrir 135 kr. tvær þeirra og ein fyrir 110 kr., sýni að skilyrði kaupanna hafi verið að þær væru í gildu standi, en til þess verði í fyrsta lagi að teljast, að þær væru með kálfi.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, var þeim af kúnum, er beiddi upp, haldið á þeim tíma, að eigi varð sagt um það er kaupin gjörðust, hvort þær hefðu fengið kálf, og gat kaupandi sagt sér sjálfur, að seljandi gæti ekkert um það vitað, en þegar svo var ástatt, verður ekki álitid að kaupandi og seljandi hafi hlotið að ganga út frá því, að kýrnar væru kelfdar, eða að seljanda hafi verið það ljóst, að kaupandi gjörði þetta að skilyrði fyrir kaupnum. Það getur því ekki komið til mála að leggja neina skaðabótakröfu á aðaláfrýjanda út af því, að umræddar kýr síðar reyndust kálflausar, og ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda. Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjandi að greiða málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Guðbrandur Magnússon, á að vera sýkn af kærnum og kröfum gagnstefnanda, Árna Thorlacius, í máli þessu.

Í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi greiði gagnstefnandi aðaláfrýjanda 40 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1908:

Vilhjálmur Briem og

Jón G. Sigurðsson

gegn

Lárusi H. Bjarnasyni.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir gestarétti Snæfellsness og Hnappadalssýslu 9. júlí 1907 í máli, sem stefndi, Lárus H. Bjarnason sýslumaður, höfðaði gegn áfrýjendunum, síra Vilhjálmi Briem á Staðastað og Jóni G. Sigurðsyni bónda á Görðum í Staðarsveit, út af ummælum um sig í grein einni, undirritaðri af þeim og með fyrirsögninni »Lárus H. Bjarnason« í 53. tölublaði XXXIII. árgangs Ísafoldar, sem út kom í Reykjavík 15. ágúst 1906, voru ummæli þau í greininni, sem stefndi átaldi, sem sé: »Þegar hann talar lygar« — »hin siðspillandi áhrif sem hann hefir á héraðsbúa — »að Lárus ljúgi þar um meira en helming, eins og við getum til« — »ljúga upp frá rótum í mikilsverðu landsmáli því, sem gjörbreytir skoðun þeirra, er taka manninn trúanlegan. En þetta gerði L. á fundi við Hellna hinn 16. júní í fyrra. Ósvífni er þó nóg til að þræta fyrir það eftir á.« — »Hvernig Breiðavíkurhrepps búarnir 18 voru flæktir í að ljúga með« — dæmd ómerk og áfrýjendurnir hvor um sig dæmdir